Efni: Umsögn Fuglaverndar um umhverfismatsskýrslu fyrirhugaðs vindorkuvers Qair að Hnotasteini á Hólaheiði í Núpasveit, mál nr. 1158/2026 (https://skipulagsgatt.is/issues/2026/1158)

Fuglavernd gerir alvarlegar athugasemdir við fyrirhugað vindorkuver að Hnotasteini á Hólaheiði. Athugasemdirnar snúa annars vegar að ófullnægjandi aðferðafræði og umfjöllun umhverfismatsskýrslunnar sjálfrar, og hins vegar að þeim verulega neikvæðu áhrifum sem vindorkuverið er líklegt til að hafa á fuglalíf.

1. Aðferðafræði við áflugsmat

Við útreikninga á áflugsmati var notast við gögn úr svokölluðum sjónarhólskönnunum. Slíkar kannanir byggja á því að athugandi haldi til á fyrir fram ákveðnum sjónarhól í ákveðinn tíma, skanni þaðan hálfhring (180° geira) með 2 km radíus og skrái hjá sér alla þá fugla sem fljúga innan hans, hversu lengi þeir eru á flugi og í hvaða hæð. Jafnvel þó útreikningarnir geri ráð fyrir að einungis stærstu tegundirnar (t.d. álftir og gæsir) séu sýnilegar upp í 2 km fjarlægð, en notist við sýnileika upp á 1,5 km fyrir meðalstórar tegundir (t.d. máfar og kjóar) og 750 m fyrir litlar tegundir (t.d. vaðfuglar), þá er nokkuð ljóst að ekki einu sinni færustu athugendur munu ná að verða varir við og skrá niður alla þá flugvirkni sem á sér stað innan svo stórs svæðis. Þessi aðferðafræði mun því óhjákvæmilega leiða til vanmats á áflugshættunni.

Þar sem flughæðir fuglanna eru einungis metnar sjónrænt má sömuleiðis gera ráð fyrir mikilli óvissu í þeim tíma sem fuglarnir fljúga í áflugshæð (þ.e. á því hæðarbili sem spaðar vindmyllanna ná yfir), en slíkt getur verið afar erfitt að meta, sérstaklega þegar fjarlægðin er svona mikil. Hæðarbilin sem athugendum var falið að nota voru 0-30 m, 30-150 m og >150 m. Nú er hins vegar gert ráð fyrir vindmyllum með spaða í 38-200 m hæð og því voru öll flug innan 30-150 m hæðarbilsins og „nokkur“ úr >150 m flokknum notuð við gerð áflugsmatsins. Afar óljóst er hvað átt er við með „nokkrum“ athugunum úr >150 m flokknum. Þetta þarf að skýra!

Til viðbótar við sjónarhólskannanir var einnig notast við ratsjármælingar til að meta flugumferð og flughæðir fugla á svæðinu. Ratsjármælingar gefa einar og sér ekki upplýsingar um fuglategundir og því nauðsynlegt að para þær saman við beinar athuganir athugenda af vettvangi. Í skýrslunni (bls. 90) er því einmitt lýst hvernig ratsjármælingar og sjónarhólskannanir geta stutt vel hvor við aðra og gefa þannig nákvæmara mat á áhrifum. Þetta virðist þó ekki hafa verið gert nema

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is

að mjög takmörkuðu leyti og að engu leyti verið nýtt við útreikninga á áflugsmati. Hér hefði verið tilvalið tækifæri til að para saman sjónarhóls- og ratsjármælingar til að kanna hlutfall flugumferðar sem fór fram hjá athugendum, en það virðist ekki hafa verið gert.
Það er eðli sjónarhólskannana að þær ná aðeins yfir flugumferð á birtutíma. Því er allt áflugsmat sem birt er í töflum skýrslunnar og viðauka 3 einungis áætlun á þeim fjölda fugla sem munu lenda í áflugi á birtutíma en nær ekki utan um áflug að næturlagi. Þetta þyrfti að koma skýrar fram, t.d. í töflutexta fyrir töflu 7.22. Fram kemur í skýrslunni að u.þ.b. 70% allrar flugumferðar vor og haust (mars, apríl, september og október) eigi sér stað að næturlagi. Því er ljóst að mikill fjöldi fugla er líklegur til að lenda í áflugi að næturlagi, þó alls sé óvíst hversu mikill fjöldi það er eða hvaða tegundir um ræðir. Í texta skýrslunnar (bls. 107-108) er þó fjallað um mögulegt áflug að næturlagi fyrir nokkrar tegundir og sett fram tölulegt mat á umfangi þess. Það kemur þó hvergi fram með skýrum hætti hvernig það mat er fengið og slíkt mat er ekki birt nema fyrir örfáar tegundir.

2. Áhrif á einstakar fuglategundir

Fyrirhugað vindorkuver að Hnotasteini er innan alþjóðlega mikilvæga fuglasvæðisins Melrakkasléttu og í um 10 km fjarlægð frá öðru mikilvægu fuglasvæði, Öxarfirði[1]. **Fuglavernd hefur margoft bent á það í umsögnum sínum til yfirvalda að ekki ætti að reisa vindorkuver innan eða á jaðarsvæðum alþjóðlega mikilvægra fuglasvæða eins og þau er skilgreind af Náttúrufræðistofnun og því mótmælir félagið harðlega fyrirhuguðu vindorkuveri að Hnotasteini**.
Hvað einstakar fuglategundir varðar þá eru þó nokkrar tegundir sem eiga á hættu að verða fyrir verulega neikvæðum áhrifum af fyrirhuguðu vindorkuveri að mati Fuglaverndar. Vægi slíkra áhrifa fer ekki einungis eftir fjölda einstaklinga af hverri tegund sem líklegt er að falli við áflug eða missi búsvæði sín, líkt og áhersla skýrslunnar virðist vera á, heldur einnig eftir stofnstærð, stöðu og líffræði viðkomandi tegundar. Þannig geta afföll eins eða fáeinna einstaklinga haft mun meiri neikvæð áhrif á tegund með lítinn og hnignandi stofn en afföll tuga einstaklinga úr stórum og stöðugum stofni. Þetta á sérstaklega við ef viðkomandi tegund hefur lífsferil sem einkennist af lágri fjölgunargetu en háum lífslíkum, því þá er hún mun líklegri til að þola illa aukin afföll. Hér á eftir verður

[1] Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 55. 295 s. https://utgafa.natt.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is

fjallað um þær tegundir sem Fuglavernd telur að stafi mest ógn af fyrirhuguðu vindorkuveri að Hnotasteini.

Mófuglar

Gróðurfar framkvæmdasvæðisins einkennist af mólendi sem er afar mikilvægt búsvæði fyrir ýmsar tegunda mófugla sem Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á[2], t.d. heiðlóu og spóa. Þó mólendi sé víðfeðmt á Íslandi og stofnar mófugla almennt stórir, þá er ört gengið á slík opin búsvæði í dag með t.d. skógrækt, landbúnaði, sumarhúsabyggð, vegagerð og öðrum mannlegum umsvifum, sérstaklega á láglendi þar sem þéttleiki mófugla er hæstur. Slíkar umhverfisbreytingar birtast t.d. í nýlegri fækkun heiðlóu og spóa sem veldur því að báðar tegundir eru færðar upp um tvo flokka á íslenskum válista, fara úr því að vera metnar „ekki í hættu“ (LC) árið 2018 í að vera metnar í „nokkurri hættu“ (VU) árið 2025[3].
Samkvæmt umhverfismatsskýrslunni fyrir Hnotastein er þéttleiki heiðlóa á framkvæmdarsvæðinu metinn um 36 pör/km^2, sem er gríðarhátt miðað við það sem almennt gerist á landinu[4]! Fráleitt er að halda því fram að heiðlóa hafi „lágan þéttleika“ á svæðinu líkt og gert er á bls. 105! Þéttleiki spóa er sömuleiðis metinn um 14 pör/km^2, sem einnig er hátt miðað við það sem almennt gerist á landinu[5]. Þá er þéttleiki kjóa, sem flokkaður er „í hættu“ (EN) á íslenskum válista, metinn um 2 pör/km^2, sem er afar hátt miðað við það sem almennt gerist á landinu[6].
Mikilvægasta aðgerðin til að vernda tegundir sem verpa dreift um landið, líkt og þessir mófuglar gera, er að vernda búsvæði sem eru þeim hlutfallslega mikilvæg, en Hólaheiði er einmitt frábært dæmi um slíkt búsvæði.
Rannsóknir hér á landi sýna að mófuglar forðast almennt mannlega strúktúra í landslaginu (vegi, raflínur, sumarhús) og verpa í mun lægri þéttleika í nálægð við slíka strúktúra[7,8,9]. Því má búast við að sá fjöldi fugla sem áætlað er að missi búsvæði sín vegna beins rasks á búsvæðum og birtist í töflu 7.20 sé einhverjum stærðargráðum minni en sá fjölda sem raunverulega mun missa búsvæði vegna fælingar. Ekki er ósennilegt að stór hluti þeirra mófugla sem verpa innan áhrifasvæðis vindorkuversins muni missa búsvæði sín. Í töflu 7.21 er gerð tilraun

[2] https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla
[3] https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025
[4] https://www.natt.is/is/biota/animalia/chordata/aves/charadriiformes/heidloa-pluvialis-apricaria
[5] https://www.natt.is/is/biota/animalia/chordata/aves/charadriiformes/spoi-numenius-phaeopus
[6] https://www.natt.is/is/biota/animalia/chordata/aves/charadriiformes/kjoi-stercorarius-parasiticus
[7] https://nsojournals.onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1002/jav.03572
[8] https://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/ibi.13089
[9] https://zslpublications.onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/acv.12938

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is

til að meta þessi fælingaráhrif og gert ráð fyrir að yfir 680 pör af heiðlóu og um 50 pör af spóa gætu misst búsvæði sín. Það eru í sjálfu sér afar háar tölur og ástæða til að hafa alvarlegar áhyggjur af þeim. Samt er svolítið óljóst hvernig þessar tölur eru reiknaðar. Í töflunni segir t.d. að gert sé ráð fyrir að varppörum heiðlóa muni fækka um 80% innan áhrifasvæðis vindorkugarðsins en sé það reiknað miðað við uppgefið 62 km^2 áhrifasvæði (viðauki 3, bls. 28) og uppgefinn þéttleika er rétt tala hátt í 1.800 pör af heiðlóum! Sömuleiðis virðast áhrif á spóa vera vanáætluð miðað við uppgefnar forsendur. Þetta þarf að skýra betur! Sömuleiðis þyrfti að framkvæma slíkt mat fyrir fleiri tegundir mófugla á svæðinu, en ekki er ósennilegt að gera ráð fyrir að t.d. kjói verði einnig fyrir sterkum fælingaráhrifum líkt og heiðlóa og spói.
Með þeim fyrirvara að áflugsmat skýrslunnar gæti verið vanáætlað (sjá umfjöllun að framan), er uppgefið áflugsmat upp á 245 heiðlóur, 16 spóa og 7 kjóa á birtutíma yfir 10 ára tímabil engu að síður hátt. Miðað við þær (óljósu) forsendur sem skýrsluhöfundar gefa sér er áætlað að sé mögulegt áflug að næturlagi tekið með í reikninginn gæti heildartalan u.þ.b. þrefaldast fyrir heiðlóu og spóa. Það myndi þýða að hátt í 750 heiðlóur féllu á 10 ára tímabili! Til samanburðar er stofnstærð heiðlóa á allri Melrakkasléttu metin um 23.000 fuglar[4] og því ljóst að um gríðarlega blóðtöku væri að ræða á svæðinu.

Rjúpa

Lyngheiðar Norðausturlands eru meðal mikilvægustu búsvæða rjúpna hér á landi og er áætlað að á Melrakkasléttu verpi yfir 4% af landsstofni rjúpu[1]. Þéttleiki mælist hár á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði en áflugsmat skýrslunnar er lágt vegna þess að aðeins er gert ráð fyrir áflugi á spaða vindmyllanna, en rjúpur fljúga að mestu undir þeirri hæð. Líkt og nefnt er í skýrslunni eru rjúpur þó þekktar fyrir að fljúga á turna vindmylla, en áflugsmatið gerir ekki ráð fyrir slíku. Sömuleiðis eru rjúpur þekktar fyrir að fljúga aðallega að næturlagi, en áflugsmatið nær aðeins yfir birtutíma. Það er því ljóst að áflugsmat fyrir rjúpur er stórlega vanmetið. Tilraun er gerð til að taka á þessu í texta á bls. 108 þar sem vitnað er til áflugs dalrjúpna á vindmyllur á ótilgreindum stað í Noregi og það sagt vera 0,6 fuglar á vindmyllu á ári. Ekki virðist þó vera hægt að finna þessar tölulegu upplýsingar beint í þeirri samantektargrein sem vitnað er til og því vantar að vitna til frumheimildar! Það er einnig fráleitt að halda því fram að búast megi við sama áflugi á Hólaheiði og á þessu ótilgreinda svæði í Noregi þar sem stofnþéttleiki og umhverfisaðstæður geta verið gjörólíkar!

Fálki

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is

Líkt og með rjúpuna, helstu bráð fálkans, er Norðausturland mikilvægasta varpsvæði fálka á Íslandi. Á Melrakkasléttu eru þekkt 14 fálkaóðöl, eða um 2,2% af öllum þekktum óðölum á Íslandi[10]. Í viðauka 3 með skýrslunni kemur meðal annars fram að fálkapar verpi 5-10 km norður af rannsóknarsvæðinu og að báðir foreldrar hafi sést veiða á áhrifasvæði framkvæmda. Stofn fálka á Íslandi er mjög lítill og er tegundin flokkuð „í hættu“ (EN) á íslenskum válista[10] vegna hruns í stofninum á allra síðustu árum sem líklega stafar af fuglaflensu[11]. Þó uppgefið áflugsmat í skýrslunni sé lágt geta afföll eins eða fárra fugla haft mikil áhrif þegar staða stofnsins er jafn viðkvæm og hún er nú. Sömuleiðis sýna ný GPS gögn um ferðir ungfálka, þau fyrstu sinnar tegundar hér á landi, að ungar sem klöktust úr hreiðrum í nágrenni Mývatns nýta Núpasveit og Melrakkasléttu í miklum mæli fyrsta haust ævinnar, og ræður þar líklega hár þéttleiki rjúpna á svæðinu[12]. Þetta undirstrikar mikilvægi fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis fyrir fálka og þá hættu sem stofninum getur stafað af vindorkuverinu.

Heiðagæs

Rannsóknir skýrslunnar sýna fram á gríðarlegt flug heiðagæsa yfir svæðið að sumarlagi þegar geldfuglar halda til Grænlands til að fella flugfjaðrir. Líklega fara einhverjir tugir þúsunda heiðagæsa um svæðið á hverju ári. Áflugsmatið er hátt, um 25 fuglar á 10 ára tímabili, en engu að síður lítið miðað við þann fjölda sem fer um svæðið og skýrist það fyrst og fremst af háu forðunarhlutfalli gæsa. Aftur á móti er búist við að hindrunaráhrif geti verið töluverð. Sömuleiðis kemur fram að um helmingur heiðagæsanna sem sáust hafi flogið í efsta hæðarbilinu, >150 m. Nú er hins vegar gert ráð fyrir vindmyllum með spaðahæð upp í 200 m, en afar óljóst er hvernig fuglar sem flugu í yfir 150 m hæð voru meðhöndlaðir við útreikninga á áflugsmati. Þetta þarf að skýra! Á blaðsíðu 96 kemur einnig fram að sú staðreynd að auðvelt sé að sjá stóra gæsahópa á flugi „gæti leitt til ofmats samanborið við smærri tegundir“. Það er auðvitað fráleitt að kalla það ofmat samanborið við smærri tegundir og réttara væri að segja að sjónarhólskannanir geti leitt til vanmats á smærri tegundum sem ekki sjást jafn vel.

Skúmur

Skúmur er flokkaður sem tegund „í bráðri hættu“ (CR) á Íslandi vegna hruns í stofninum á síðustu áratugum[13], mögulega vegna versnandi fæðuframboðs í sjó

[10] https://www.natt.is/is/biota/animalia/chordata/aves/falconiformes/falki-falco-rusticolus
[11] https://www.natt.is/sites/default/files/2024-08/voktun_falka_okn_snidmot.pdf
[12] https://www.natt.is/sites/default/files/2026-11/natt_2026_ny-gogn-um-ferdalog-og-dreifingu-falka.pdf
[13] https://www.natt.is/is/biota/animalia/chordata/aves/charadriiformes/skumur-catharacta-skua

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is

síðustu áratugi og vegna fuglaflensu á allra síðustu árum[14]. Þó skúmur verpi ekki innan framkvæmdasvæðisins þá er skúmsvarp á Austursandi í Öxarfirði, um 20 km vestan framkvæmdasvæðisins. Það er jafnframt eina skúmsvarpið á þessu landshorni. Varppörum hefur fækkað hratt á Austursandi, úr 225 árið 1984 í 28 árið 2023[13], og því ljóst að stofninn á svæðinu er orðinn mjög lítill og viðkvæmur. Skúmar verpa aðeins tveimur eggjum á ári og verða ekki kynþroska fyrr en 7-8 ára[15]. Tegundin fjölgar sér því afar hægt og á erfitt með að bæta upp aukin afföll fullorðinna fugla. Það vekur því miklar áhyggjur og kallar á athygli að áflugsmatið fyrir skúm, sem líklega er vanmetið með sjónarhólskönnunum líkt og fyrir aðrar tegundir, sé upp á 1,6 fugla á 10 ára tímabili. Þó það kunni að virðast lágt miðað við áflugsmat margra annara tegunda þá verður að skoða það með hliðsjón af afar bágri stöðu stofnsins, á bæði lands- og svæðisvísu, og lífsferli tegundarinnar. Þessu virðast skýrsluhöfundar hafa horft fram hjá. Sömuleiðis miða skýrsluhöfundar við að varpstofn á landinu sé 5.400 pör (tafla 7.22), en sú tala byggir á meira en fjögurra áratuga gömlu mati á meðan nýjasta stofnmatið frá 2023-2024 er einungis upp á 400 varppör[13]!

Lómur og himbrimi

Bæði lómur og himbrimi ná alþjóðlegum verndarviðmiðum á Melrakkasléttu og það sama á við um lóm í Öxarfirði. Samkvæmt viðauka 3 með umhverfismatsskýrslunni eru báðar tegundir líklegar til að verpa innan framkvæmdasvæðisins eða í næsta nágrenni þess og hafa auk þess sést á flugi yfir svæðinu. Í töflu 4-2 í viðauka 3 kemur meðal annars fram að þessar tegundir eru líklegar til að verða fyrir hindrunaráhrifum og fælast vindorkuver. Þrátt fyrir þetta vantar alla umfjöllun um þessar tegundir í umhverfismatsskýrslunni sjálfri.

3. Mótvægisaðgerðir

Jákvætt er að framkvæmdaraðili hafi áhuga á því að beita mótvægisaðgerðum til að draga úr óhjákvæmilegum neikvæðum áhrifum vindorkuversins á fuglalíf. Fjöldi mögulegra aðgerða er listaður upp á bls. 109-110 í skýrslunni, s.s. að tekið verði tillit til varptíma fugla við framkvæmdir og innleiddar aðgerðir til að lágmarka líkur á mengun. Allt eru þetta jákvæðar aðgerðir með tilliti til fuglalífs. Fæstar þeirra eru þó líklegar til að draga að einhverju marki úr mikilvægustu neikvæðu áhrifunum sem kynnt er í skýrslunni og snúa að áflugi, hindrun flugleiða og búsvæðatapi (bæði vegna rasks og truflunar á rekstrar- og framkvæmdartíma). Auk þess eru mörg af þeim neikvæðu áhrifum sem reynt er

[14] Daníel Bergmann 2024. Skúmur – í bráðri hættu sem varpfugl. Fuglar nr. 14. 80-83.
[15] https://npolar.no/en/species/great-skua/

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is

að koma í veg fyrir með mótvægisaðgerðunum ekki hluti af þeim áætluðum áhrifum sem kynnt eru í skýrslunni, svo með því að draga úr þeim er í raun ekki verið að bæta ástandið neitt miðað við það sem þegar hefur verið lagt fram í skýrslunni. Til dæmis: við útreikninga á áflugsmati er ekki gert ráð fyrir að lýsing dragi að sér fugla og valdi þannig háum afföllum, svo með því að takmarka lýsingu eða annað sem gæti laðað fuglana að vindmyllunum er í raun ekki verið að draga úr áfluginu miðað við matið. Sömuleiðis gerir umfjöllun um eyðileggingu búsvæða og truflun af völdum framkvæmda ekki ráð fyrir mengunarslysum eða því að vinnuvélar aki þvers og kruss um allt svæðið. Þetta þýðir auðvitað ekki að ekki ætti að ráðast í neinar af þessum aðgerðum, allar eru þær jákvæðar, en það væri villandi að halda því fram að þær myndu draga verulega úr þeim neikvæðu áhrifum sem kynnt eru í skýrslunni.
Í skýrslunni er það fullyrt að gera megi ráð fyrir því að hægt sé að lækka áflug rjúpna um 50% með því að mála neðsta hluta vindmylluturnanna svarta. Þessi tala byggir á tilraunum í einu vindorkuveri á lítilli eyju í Noregi. Þó reynandi sé að prófa slíkt hérlendis er engan veginn hægt að fullyrða að áhrifin verði þau sömu. Þá vekur athygli að lagt er til að banna veiðar á heiðagæs innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar á Hólaheiði til að bæta upp fyrir neikvæð áhrif vindorkuversins á tegundina. Þetta er lagt fram án þess að fyrir liggi nokkrar upplýsingar um það hvort yfir höfuð eru stundaðar nokkrar veiðar á heiðagæs á Hólaheiði, og í öllu falli færu væntanlega hvort sem er engar veiðar fram innan eða í næsta nágrenni við vindorkuverið eftir gangsetningu þess. Það verður því að teljast ólíklegt að þessi aðgerð hafi nokkur raunveruleg áhrif, og það sama gildir um bann við veiðum á viðkomusvæðum á vorin, þegar óleyfilegt er að veiða gæsir hvort sem er.
Það er jákvætt að framkvæmdaraðili vilji styrkja rannsóknir á heiðlóu og spóa á svæðinu, en erfitt er að sjá að það muni draga með beinum hætti úr neikvæðum áhrifum vindorkuversins á þessar tegundir. Á bls. 110 er réttilega sagt að helsta leiðin til að vernda þessar tegundir sé að vernda búsvæði þeirra. Það er því heldur kaldhæðnislegt að þessi framkvæmd er einmitt til þess fallin að valda umfangsmiklum og verulega neikvæðum áhrifum á búsvæði með afar hátt gildi fyrir þessar tegundir.

4. Lokaorð

Framkvæmd áflugsmats vegna mats á umhverfisáhrifum vindorkuvers að Hnotasteini hefur talsverða annmarka, sem að mati Fuglaverndar leiðir til verulegs vanmats á áflugshættu. Vegna þess og annarra þátta sem hér hafa verið raktir er ljóst að neikvæð áhrif fyrirhugaðs vindorkuvers á fuglalíf munu verða veruleg og talsvert meiri en skýrslan gefur til kynna. Áhrifin felast meðal annars í

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is

stórfelldu tapi á mikilvægu búsvæði mófugla, en líklegt er að hundruð ef ekki þúsundir mófuglapara munu tapa búsvæði sínu við þessa framkvæmd. Margar þessara tegunda, s.s. heiðlóa, spói og kjói, standa höllum fæti í dag. Sömuleiðis má búast við háum afföllum þessara tegunda vegna áflugs, sem og heiðagæsar.
Þá er fyrirhugað vindorkuver staðsett á mikilvægu búsvæði fálka og rjúpu, en fálkastofninn hefur hrunið á undanförnum árum og telst nú „í hættu“ hér á landi.
Einnig vekur umhverfismatið upp áhyggjur af mögulegu áflugi skúms, en skúmur er sú fuglategund sem stendur hvað verst á Íslandi í dag og er flokkaður „í bráðri hættu“.
Í ljósi ofangreinds vill Fuglavernd eindregið skora á framkvæmdaraðila að hætta hið snarasta við öll áform um vindorkuver á þessu mikilvæga fuglasvæði og koma þannig í veg fyrir stórkostleg náttúruspjöll.

Með góðum kveðjum f.h. stjórnar Fuglaverndar,
Snæþór Aðalsteinsson, varaformaður
Hólmfríður Arnardóttur, framkvæmdastjóri

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is